

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 197/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2002 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 8.100 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald á hvert íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 2.500.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrám fyrir heimilissorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. nóvember 2001, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 27. febrúar 2002, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 13. maí 2002.

Brynjólfur Gíslason sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um hundahald í Grundarfirði.

1. gr.

Hundahald í Grundarfirði sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Ekki þarf leyfi til að halda þarfahunda á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum á staðnum, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfið skal bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings. Óheimilt er að framsetja hundaleyfið.
Ef veitt er leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi, skal skriflegt samþykki þeirra eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými fylgja umsókn.
Eigandi skal tilkynna ef hundur drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.
- b) Bæjarstjórn ákveður með gjaldskrá árlegt gjald fyrir skráningu, eftirlit og handsömun hunda. Gjald skal standa straum af ábyrgðartryggingu hundsins, skráningu, merkingu og hundaeftirliti í Grundarfirði. Árgjaldið er með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.